

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2022, mánudaginn 28. febrúar var haldinn 238. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 9:32. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði, með vísan til heimilda í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild, Lárus Finnbogason og Sunna Jóhannsdóttir. Fundarritari var Hallur Símonarson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Grant Thornton dags. 25. febrúar um þjónustu utan verksamnings. IE22020018

Samþykkt

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd samþykkir að Grant Thornton veiti CarbFix ohf. þá þjónustu að staðfesta aðferðafræði á svokölluðum Relevant Cost enda er tekið fram í erindi Grant Thornton að þjónustan muni falla innan marka um endurskoðunartengda þjónustu og skerða ekki óhæði ytri endurskoðenda.

Fundi slitið kl. 9:40

Lárus Finnbogason

Sunna Jóhannsdóttir